

## Ályktun 42. þings BSRB um umhverfismál

Umhverfisvernd og sjálfbær nýting auðlinda þarf að njóta öflugss stuðnings stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að náttúruvernd verði hafin til vegs og virðingar og staða hennar eflað. Tryggja þarf að markmið um sjálfbæra nýtingu auðlinda verði höfð að leiðarljósi í ákvörðunum stjórnvalda. Í þeirri uppbyggingu sem nú á sér stað í samfélaginu er mjög mikilvægt að litið sé á umhverfis- og náttúruvernd sem forsendu farsællar samfélagsþróunar. Ekki er einungis hægt að tryggja framgang umhverfisverndar með kröfugerð á hendur ríki og sveitarfélögum. Virk þátttaka einstaklinga, stofnana og fyrirtækja er ekki síður mikilvæg.

Þörf er á sameiginlegu átaki einstaklinga, ríkis og sveitarfélaga til að ná raunverulegum árangri í notkun almenningsamgangna. Þær þarf að stórefla á höfuðborgarsvæðinu og víðar til að draga úr notkun einkabíla. Í þeim efnum verður ríkisvaldið að styðja sveitarfélögin.

Tryggja þarf rétt borgaranna til að búa í umhverfi sem er viðunandi fyrir heilsu og almenna velferð þeirra. Þá er mikilvægt að einstaklingar hugi að endurskoðun á neysluvenjum sínum og verðmætamati.

Þing BSRB skorar á ríki og sveitarfélög að styðja og vinna í anda hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, vistvænnar hugsunar og stuðla þannig að efnahagslegri, félagslegri og vistfræðilegri velferð. Náttúruauðlindir skulu vera sameign þjóðarinnar og þær ber að nýta í þágu allra.

42. þing BSRB leggur til eftirfarandi áherslur í umhverfismálum:

- Að BSRB taki til umræðu áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jarðar.
- Að BSRB leggi áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda.
- Að BSRB beiti sér fyrir því að ríkisfyrirtæki og stofnanir aðlagi sig að sjálfbærri þróun og vistvænni hugsun.
- Að BSRB beini því til ríkis og sveitarfélaga að þau sjái til þess að íbúar hafi aðgang að góðum almenningsamgöngum.
- Að einstaklingar hugi að endurskoðun á neysluvenjum sínum og verðmætamati með umhverfisvernd að leiðarljósi.